



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

13. mars 2019 – Pistill nr. 50



Íslenska sendinefndin ásamt fulltrúum Uddevalla við eim svartvatnssafntankinn. Fulltrúar Skútustaðahrepps í ferðinni voru sveitarstjóri, oddviti og skipulagsfulltrúi.

### Fróðleg fráveituheimsókn til Uddevalla í Svíþjóð

Í síðustu viku fóru fulltrúar sveitarfélagsins ásamt fulltrúum Landgræðslunnar, Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitsins til Uddevalla í Svíþjóð til að kynna sér fráveitumál þar í borg. Uddevalla hefur verið í fararbroddi í Svíþjóð í fráveitumálum en lausn þeirra felst í aðskilnaði svartvatns og grávatns sem er sambærileg hugmyndafræði og við erum að vinna eftir hér í Mývatnssveit. Ferðin var fróðleg og gagnleg og fengum við góðar móttökur hjá Svíunum.

Í Uddevalla búa um 55 þúsund manns en bærinn liggur innst í firði þar sem viðtakinn er skilgreindur sem viðkvæmur. Fyrstu hugmyndir um aðskilnað svartvatns og grávatns í Uddevalla komu fram fyrir tíu árum en framkvæmdin hófst af fullum krafti árið 2011. Um þróunarverkefni hefur verið að ræða og sveitarfélagið verið verðlaunað fyrir það. Verkefnin í Uddevalla og Mývatnssveit eru að mörgu leyti

svipuð en þó er sá munur á að Uddevalla hefur farið þá leið að nýta gamla steypa mykjutanka sem geymslutanka fyrir svartvatnið og leigt tankana af bændum. Í Mývatnssveit verður hins vegar byggður geymslutankur á Hólasandi í sumar og svartvatnið notað til uppgræðslu með því að plægja það niður. Uddevalla notar hins vegar svartvatnið til yfirborðsdreifingar á ræktartún og hefur sveitarfélagið sett sér frekar strangar reglur um meðhöndlun á svartvatninu, enda kom fram að reglugerðir í Evrópusambandslandinu Svíþjóð ná ekki að fylgja eftir þeirri öru þróun sem á sér stað í fráveitumálum, ekki frekar en regluverkið á Íslandi.



Helgi Héðinsson oddviti og Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi skoða geymslutank fyrir svartvatn og hvernig staðið er að dælu og hreinsun.

Leiðarljósið í Uddevalla var að hafa verkefnið eins einfalt og hægt væri og hefur það gengið eftir. Unnið er eftir stöðluðu gæðakerfi. Hefur þessi

aðferðarfræði vakið athygli á öðrum Norðurlöndum og fleiri sveitarfélög eru að feta sig í þessa átt, m.a. í Noregi og Finnlandi. Í dag er kerfið aðallega nýtt í dreifbýlinu en hugmyndir eru um að þróa það áfram í borgum eins og í Helsingborg. Sveitarfélagið Uddevalla hefur tekið þá ákvörðun að þróa fráveituverkefnið áfram. Ýmsar áskoranir fylgja slíku verkefni en Svíarnir telja sig vera á réttri leið og ætla ótrauðir að halda áfram.



*Petter Jenssen prófessor fræðir íslensku sendinefndina um rannsóknir og tilraunir um fráveitulausnir.*

Á leið okkar frá flugvellið í Osló fór hópurinn jafnframt í heimsókn til Petter Jenssen, prófessors við Miljö- og biovitenskapligen Háskólann í Ås í Noregi. Hann hélt fyrir okkur fyrirlestur um endurnotkun svartvatns og möguleika varðandi vistvænar salernis- og fráveitulausnir. Petter er frumkvöðull á þessu sviði og var fyrirlestur hans mjög áhugaverður.



*Svartvati dælt í geymslutank í Uddevalla.*

Á heimasíðu Uddevalla var sagt frá heimsókn íslensku sendinefndarinnar. Fréttina má sjá hér: <https://www.uddevalla.se/kommun-och-politik/nyheter/nyhetsarkiv/2019-03-07-islandskt-intresse-for-toalettvaatten-i-kretslopp.html>



*Íslenska sendinefndin fylgist með fyrirlestri frá starfsfólki Uddevalla um fráveitumálin. Fulltrúar Uddevalla sýndu fráveituverkefninu í Mývatnssveit mikinn áhuga og stefna að því að heimsækja okkur sumarið 2020.*

### **Ný lýðheilsustefna – Markmiðið að verða heilbrigðasta og hamingjusamasta sveitarfélag landsins**

Sveitarstjórn hefur samþykkt nýja og uppfærða lýðheilsustefnu og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi í Skútustaðahreppi. Nýju lýðheilsustefnuna má nálgast á heimasíðu Skútustaðahrepps. Yfirmarkmiði hennar er að Skútustaðahreppur verði heilbrigðasta og hamingjusamasta sveitarfélag landsins 2030. Skútustaðahreppur er sveitarfélag sem hefur fjölskylduna í fyrirrúmi. Almenn markmið eru að Skútustaðahreppur veiti öllum jöfn tækifæri til að eflast og þroskast óháð aldri, uppruna, efnahag og kynferði og vinni þannig gegn fordómum. Skútustaðahreppur leggur áherslu á að efla lýðheilsu allra aldurshópa með það að markmiði að viðhalda og bæta heilbrigði og auka lífsgæði og hamingju íbúa sveitarfélagsins. Þá er mikilvægt að virkja eldra fólk til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi svo það geti séð lengur um sig sjálft og lifað með reisn. Hreyfing er besta forvörnin og meðferð við mörgum sjúkdómum.

Jafnframt er lögð áhersla á að skapa íbúum tækifæri til bættra lífsgæða með fjölbreyttum möguleikum til hreyfingar, útiveru, iðkunar íþróttar og annarrar afþreyingar og tómstundaiðu. Áhersla er jafnframt lögð á að markvissar forvarnir fari fram á sviði uppeldis- og menntunar, næringar, hreyfingar, geðræktar, tannverndar, ofbeldis- og slysavarna og áfengis- vímu,- og tóbaksvarna og að við stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélagsins verði gætt að áhrifum heilsu og líðan á íbúa samfélagsins. Heilsa verður í forgrunni í öllum stefnum sveitarfélagsins og krefst það þess að alltaf sé stuðst við gagnreyndar upplýsingar um áhrif þátta á heilsufar.

Í stýrihóp um uppfærða Lýðheilsustefnu sátu sveitarstjóri, Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur og sveitarstjórnarfulltrúi og Jóhanna Jóhannesdóttir lýðheilsufræðingur.



*Dagbjört flytur fyrirlestur um leiðir til að bæta líðan.*

### **Flottur íbúafundur um hamingju og vellíðan**

Á mánudaginn var haldinn íbúafundur í Skjólbrekku þar sem kynntar voru niðurstöður rannsóknar um hamingju og líðan Mývetninga á vegum Skútustaðahrepps. Jóhanna Jóhannesdóttir lýðheilsufræðingur kynnti niðurstöðurnar sem eru um margt mjög áhugaverðar. Sérstaka athygli vekur vellíðan eldri Mývetninga en jafnframt blasa við áskoranir um að bæta líðan í ýmsum aldurshópum. Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur hélt erindi

um hamingjuna og kynnti ýmsar leiðir jákvæðrar sálfræði sem geta bætt líðan.

Vel var mætt í Skjólbrekku og í lokin voru umræður þar sem gestir fundarins komu með margar skemmtilegar og spennandi hugmyndir til þess að stuðla að aukinni hamingju og vellíðan Mývetninga. Sveitarfélagið mun skoða hugmyndirnar nánar og vinna aðgerðaráætlun fyrir næstu skref þessa skemmtilega verkefnis.

### **Bókasafnið fær góða aðstoð**

Í framhaldi af bókun velferðar- og menningarmálanefndar Skútustaðahrepps um aðstoð Menningar- miðstöðvar Þingeyinga um úttekt og aðstoð varðandi Bókasafn Mývatnssveitar var haldinn fundur miðvikudaginn 27. febrúar 2019 um aðstöðu bókasafnsins í Skjólbrekku. Fyrir hönd Menningar- miðstöðvar Þingeyinga mættu Jan Aksel Harder Klitgaard forstöðumaður og Bryndís Sigurðardóttir deildarstjóri bókasafnsins á Húsavík. Fyrir hönd Skútustaðahrepps mættu Þuríður Pétursdóttir bókasafnsvörður, Þorsteinn Gunnarsson sveitar- stjóri. Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir formaður velferðar- og menningarmálanefndar, Sigurður Guðni Böðvarsson og Dagbjört Bjarnadóttir úr sveitarstjórn. Í framhaldi af fundinum sendi forstöðumaður MMP fram hugmyndir um ýmsar úrbætur til að byggja upp bókasafnið til framtíðar. Velferðar- og menningarmálanefnd samþykkti að beina því til sveitarstjórnar að heimild fái til þess að taka upp rafræna skráningu í Landskerfi bókasafna (Gegni) og fara í grisjun og ýmsar aðrir breytingar. Þá býðst MMP til þess að aðstoða og ráðleggja eftir bestu getu við uppbyggingu safnsins. Þá hefur menningarfélagið Gjallandi einnig boðið fram aðstoð sína. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að bókasafnið taki upp rafræna skráningu og felur velferðar- og menningarmálanefnd verkstjórn í samráði við MMP og bókasafnsvörð.

### **Birkihraun 9 selt**

Sveitarstjórn tók fyrir að nýju á fundi sínum málefni Birkihrauns 9 en þetta er íbúðarhús í eigu

sveitarfélagsins. Samþykkt var að fresta ákvörðun á fundi þar á undan um hvort selja ætti Birkihraun 9 í kjölfar hitaveitutjóns í janúar s.l. Þangað til samkomulag við VÍS um tryggingabætur vegna tjónsins liggja fyrir.

Fyrir sveitarstjórn í morgun lá tillaga að samkomulagi við VÍS um tryggingabætur dags. 11.3.2019 að verðmæti 17.766.000 kr. sem er 35% hækkun frá fyrra verðmati sem sveitarfélagið hafði gert athugasemdir við. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða fyrirbyggjandi samkomulag.

Fjögur gild tilboð bárust í Birkihraun 9 eftir að húsnæðið var auglýst til sölu:

Snæuglan ehf. 4.100.000 kr.

Anton Freyr Birgisson 10.100.000 kr.

Ólafur Ragnarsson 13.050.000 kr.

Jón Friðriksson 16.000.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkti með þremur atkvæðum að ganga til samninga við hæstbjóðanda.

### Umsagnir óskast um Umferðaröryggisáætlun

Stýrihópur hefur undanfarna mánuði unnið að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Skútustaðahrepp. Drögin eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um umferðaröryggisáætlunina eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið [thorsteinn@skutustaðahreppur.is](mailto:thorsteinn@skutustaðahreppur.is) í síðasta lagi fimmtudaginn 21. mars n.k.

### Umsagnir óskast um Jafnréttisáætlun

Stýrihópur hefur undanfarna mánuði unnið að nýrri Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps. Drögin eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um jafnréttisáætlunina eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið [thorsteinn@skutustaðahreppur.is](mailto:thorsteinn@skutustaðahreppur.is) í síðasta lagi fimmtudaginn 21. mars n.k.

### Jóhanna nýr formaður Mývetnings

Á aðalfundi Mývetnings á dögnum urðu töluverðar breytingar á stjórn félagsins. Sigurbjörn Reynir lét af störfum sem formaður, Hinrik Geir og Sigríður Jóna

létu af störfum sem meðstjórnendur og Ragnar Baldvins lét af störfum sem varamaður. Jóhanna Jóhannesdóttir var kosin nýr formaður, Anna Dagbjört og Linda Björk voru kosnar í aðalstjórn, Sylvía Ósk og Auður Filippus voru kosnar í varastjórn. Guðmundur Birgis kemur inn í aðalstjórn en hann var varamaður áður og Kristinn Björn situr áfram í aðalstjórn sem ritari.



*Kiwanisklúbburinn Herðubreið kom færandi hendi á dögnum til Félags eldri Mývetninga. Herðubreið gaf félaginu vaxtæki sem var hluti af febrúarverkefni þeirra. Tækið mýkir húðina og hefur jákvæð áhrif á gigt og stirðleika. Tækið var afhent til minningar um Finn Baldursson fyrrverandi formann Herðubreiðar og gjaldkera Félags eldri Mývetninga. Á myndinni eru Sólveig Illugadóttir formaður Félags eldri Mývetninga, Þorbergur Ásvaldsson formaður Herðubreiðar, Ísak Sigurðsson og Örnólfur Jóhannes Ólafsson.*

### HRÓS DAGSINS...

Fá allir þeir Mývetningar sem stóðu að viðburðunum á ísnum á Mývatni um helgina, þ.e. ístölti og hundasleðamótinu. Þetta tókst frábærlega.

### Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. fundi umhverfisnefndar, framkvæmdastjórn héraðsnefndar, íbúafund vegna hamingju og vellíðunar Mývetninga og svo heimsótti ég Uddevalla í Svíþjóð vegna fráveitumála auk ýmissa annarra funda.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins. *Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**